



Hörgársveit

## **Lónsbakkahverfi, hringtorg á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar – auglýsing deiliskipulagstillögu**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2024 að vísa deiliskipulagstillögu vegna hringtorgs á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar í Lónsbakkahverfi í auglýsingu skv. 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að á gatnamótum Lónsvegar og Norðurlandsvegar í Lónsbakkahverfi verður gert ráð fyrir hringtorgi með undirgöngum undir þjóðveg norðan þess. Þá er gerð breyting á lóðamörkum aðliggjandi lóða og skipulagi lóðanna Berghóls B (L7) og Lónsbakka (L8) bætt við deiliskipulagið þar sem m.a. er gert er ráð fyrir að götutenging lóðarinnar Lónsbakka breytist á þann hátt að innkeyrsla verði framvegis yfir lóðina Berghól B og að þar verði einnig grenndarstöð endurvinnslu fyrir Lónsbakkahverfi.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, milli 26. mars og 7. maí 2024, á heimasíðu Hörgársveitar, [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) og á vef Skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) undir málnúmeri 323/2024. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til 7. maí 2024 til að gera athugasemdir við tillöguna. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málinu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið [sbe@sbe.is](mailto:sbe@sbe.is).

Skipulags- og byggingarfulltrúi